

s. l., þá þykir eigi ástæða til að neita honum um hinn umbeðna frest til desembermán. n. k., til þess að aðalsök og gagnsök verði þá sameinaðar.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður veittur.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1936.

Nr. 48/1936. **Réttvísinn** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Lorentz Thors (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 279. gr. 1. mgr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 3 febr. 1936: Ákærður, Lorentz Thors, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Hann greiði þó allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, hestaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 100.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hestaréttar.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi var mjólkursölu frá Korpúlfsstöðum þannig háttað, þegar atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið útaf, að mjólkinn var send kaupendunum á flöskum, sem merktar voru Korpúlfsstöðum. Auk þess var letrað á hverja flösku $\frac{1}{4}$ L. Er talið að venjulega hafi verið um 8000 flöskur í umferð og 2000—2500 flöskur sendar á markaðinn á dag. Eftir að kaupendur höfðu tæmt flöskurnar skiluðu þeir þeim aftur til búsin. Fór hver flaska þannig venju-

lega, meðan hún entist, fram og aftur milli seljanda og kaupenda mjólkurinnar. Í máli þessu er það sannað með játningu ákærða og öðrum sönnunargögnum, að hinn 26. desember 1934 varð á téðu búi skortur á flöskum, er stóðust eins lítra mál, og lét þá ákærður taka til notkunar undirmálsflöskur þær, sem nánar greinir frá í undirréttardómnum. Voru flöskur þessar merktar á þann hátt, er að framan segir, sem eins lítra flöskur, en vantaði þó til jafnaðar nálægt 6% til að standast það mál. Var mjólk á um 300 slíkum flöskum send daglega á markaðinn frá 27. des. 1934 til 12. jan. 1935 að báðum dögum meðtöldum, en hinn 13. jan. 1935 var mjólk á 700 slíkum flöskum send til kaupenda. Þann 12. s. m. komst eigandi búsins að því, að flöskur þessar voru í umferð. Fyrirskipaði hann þá, að hætt skyldi að nota þær, og var ekki seld mjólk á þeim eftir þann 13. s. m.

Með hliðsjón af notkun mjólkurflaskna þessara, þeirri sem áður er lýst, svo og áletruninni, sem á þeim var um lagarmál þeirra, verður að telja, að þær hafi verið mælir í viðskiptum seljanda og kaupenda mjólkurinnar. Með því að senda á markaðinn mjólk í undirmálsflöskum þessum, leyna kaupendurna þess, að flöskurnar stóðust ekki það mál, sem á þær var letrað, og taka gjald fyrir, eins og um réttar eins lítra flöskur væri að ræða, hefir ákærður gerzt brotlegur við 279. gr. 1. mgr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En eftir málavöxtum þykir mega ákveða að fullnustu refsingarinnar skuli frestað samkvæmt lögum nr. 39. frá 1907 og að hún skuli niður falla að 5 árum liðnum, ef skilyrði téðra laga verða haldin.

Samkvæmt þessu verður að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal 100 krónur til talsmanns hans þar, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Lorentz Thors, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 39 frá 1907 og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilyrði laga þessara verða haldin.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal kr. 100.00 í málsvarnarlaun til verjanda síns þar, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 120.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Lorentz Thors, bústjóra á Korpúlfsstöðum í Mosfellssveit, fyrir brot gegn 27. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 13 4. júní 1924 um mælitæki og

vogaráhöld og tilskipun nr. 1, 13. marz 1925 um mælitæki og vogaráhöld.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Bú það, er ákærður veitir forstöðu, er eign föður hans, Thors Jensen, stórkaupmanns í Reykjavík. Framleiðir það kúamjók til sölu í Reykjavík og á þeim tíma, er tilefni máls þessa gerðist, seldi það mjók sína á flöskum með áletruðu sérmerki búins. Flöskurnar áttu, samkvæmt áletrun á þær, að taka einn liter, og voru seldar sem slíkar.

Um miðjan janúarmánuð fyrra árs varð það kunnugt, að í útsölustöðum Korpúlfsstaðabúsins í Reykjavík væri seld mjók á flöskum, sem samkvæmt áletrun ættu að taka einn liter, en væru í raun og veru ekki svo stórar.

Var mál þetta þá þegar tekið til rannsóknar og Löggildingarstofan í Reykjavík látin mæla 17 flöskur frá búinu. Reyndist ein þeirra taka nákvæmlega einn liter, 12 þeirra tóku frá 1,004—1,024 liter, en 4 þeirra tóku frá 0,934—0,940 liter. Þessar flöskur höfðu allar verið í notkun. Síðar mældi Löggildingarstofan 10 flöskur frá búinu og voru þrjár þeirra í notkun og reyndust þær taka 1,0—1,018 liter, en 7 þeirra voru teknar úr tilslegnum kössum á búinu og reyndust þær taka frá 0,932—0,958 liter.

Eigandi búins hefir skýrt svo frá, og ekkert hefir fram komið, er afsanni þá skýrslu að árið 1931 hafi hann pantað 3000 literflöskur frá flöskuverksmiðju þeirri í Danmörku, sem hann hafði áður skipt við. Þegar flöskur þessar komu til búins, var því veitt athygli, að þær voru nokkuð misstórar og margar þeirra stóðust ekki fullt mál. Skipaði hann þá þegar svo fyrir, að flöskur þessar skyldi ekki nota undir mjók. Voru þær síðan geymdar í lokuðum kössum á hlöðulofti og ekki notaðar nema litilsháttar á búinu sjálfu, samkvæmt fyrirskipun eigandans.

Um áramótin 1934—1935 var í undirbúningi breyting á fyrirkomulagi mjólkursölu í Reykjavík, og var mikil óvissa um, hvort Korpúlfsstaðabúið fengi eftir sem áður að selja mjók sína með sérmerki búins. Vegna þessarar óvissu pöntuðu ráðamenn búins ekki nýjar flöskur, því að þeir máttu búast við, að þær yrðu ekki nothæfar, eftir að skipulagsbreyting mjólkursölunnar yrði komin á.

Frá búinu voru venjulega í umferð 8000 flöskur og voru sendar á markaðinn 2000—2500 flöskur á dag.

Þann 26. desember 1934 skýrði mjólkurbúsverkstjóri ákærðs honum frá því, að ekki væru nægilegar flöskur til á búinu undir þá mjólk, er selja skyldi.

Þá var það, að ákærður gaf skipun um að taka til notkunar til bráðabirgða flöskur úr flöskusendingu þeirri, er áður greinir. Þegar á þeim degi var sett mjólk á 300 af þeim flöskum og þær sendar daginn eftir til Reykjavíkur til sölu. Voru síðan sendar 300 slíkar flöskur á markaðinn daglega þar til 13. janúar 1935 að sendar voru 700. Þann dag komst eigandi búsins að því, að flöskur þessar höfðu verið notaðar, og skipaði hann þá þegar svo fyrir, að hætt skyldi að nota þær og að þær, sem í umferð væru, skyldu dregnar inn svo fljótt sem auðið væri. Var þessu boði hlýtt.

Á búinu var notuð vél til að setja mjólkina í flöskur. Vélin mælir í hverja flösku vissan skammt mjólkur. Við rannsókn málsins var hún athuguð af Löggildingarstofunni og látin mæla mjólk í 16 flöskur. Reyndist hún mæla frá 1,002—1,026 líter á hverja flösku. Einnig var hún látin mæla í of litlar flöskur, og kom þá í ljós, að það af hinum mældu skammti, sem ekki komst í flöskurnar, rann niður á gólf til spillis.

Starfsfólk búsins, sem vann við að setja mjólk í flöskur, hefir skýrt frá því, að stundum þegar verið var að setja mjólk á hinar of litlu flöskur, hafi verið sett ílát undir spillimjólkina og hún síðan gefin kálfum á búinu. Ákærður, sem sjaldan kom í sjálfa mjólkurstöðina á búinu, hefir eindregið neitað því, að hann hafi haft nokkra vitneskju um, að spillimjólkinn væri notuð til neins. Hann hafi haldið, að hún rynni í skolpræsin og yrði ónýtt. Þar sem ekkert hefir komið fram í rannsókn málsins, er sanni, að ákærður hafi vitað um notkun spillimjólkurinnar, verður að telja, að svo hafi ekki verið.

Samkvæmt framansögðu er það sannað í máli þessu, að ákærði hefir látið senda út til sölu frá Korpúlfsstaðabúinu mjólk á flöskum, sem samkvæmt áletrun skyldu taka 1 líter og kaupendur hafa gert ráð fyrir, að svo væri, en nokkuð hefir skort á það.

Höfðað hefir verið mál gegn ákærðum fyrir brot á lögum nr. 13 4. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld, og tilskipun nr. 1, 13. marz 1925 um mælitæki og vogaráhöld,

svo og fyrir brot gegn 27. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Að því er snertir brot á fyrstnefndum lögum og tilskipuninni, sem leiðir af henni (sic) er rétt að geta þess, að lögin og tilskipunin eftir orðum sínum aðeins ræða og setja ákvæði um þau mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru af verzlunum og þurfa þar af leiðandi löggildingar við. Skilgreiningin á því, hvað er verzlun, er nokkuð mismunandi í lögum en venjulegast er að telja ekki annað verzlun heldur en þá stofnun, sem verzlunarleyfi hefir fengið og þarf þess að lögum, og aldrei hefir dómarrinn heyrt þess getið, að bú manna, þótt stór hafi verið, hafi verið talin þar með. Löggilding hefir heldur eigi komið til greina um mjólkurflöskur þær, sem rætt er um í máli þessu. Einhver gæti þó látið sér í hug koma, að löggjöfnun (analogi) geti komið til greina, þar eð Korpúlfsstaðabúið er svo stórt. En rétturinn álitur, að ekki sé rétt að fara inn á svo hála braut að greina bú eftir stærð þeirra, því þá eru vandfundin takmörkin. Samkvæmt því virðist verða að sýkna ákærðan af ákæru fyrir brot á lögum nr. 13 4. júní 1924 og tilskipun nr. 1, 13. marz 1925.

Þá er mál höfðað útaf broti gegn ákvæðum 27. kafla hegningarlaganna frá 25. júní 1869. Þar kemur til greina, hvort ákærður hefir brotið gegn ákvæðum 279. gr., því sú ein grein í hinum tilvitnaða kafla snertir málefni þetta. Nú er það upplýst í rannsókn málsins, að hvorki ákærði né eigandi búsins, Thor Jensen, hafa getað við því gert, þótt mjólkurflöskurnar hafi ekki náð máli, heldur virðist það mistökum verksmiðjunnar að kenna, enda gerði eigandinn þegar í stað og þær komu, ráðstafanir til þess að þær yrðu ekki notaðar og stöðvaði jafnskjótt notkun þeirra, er hann vissi að til þeirra hafði verið gripið. Það verður því ekki sjáanlegt, að sá eini maður, sem vitanlegt er, eftir því sem upplýst er í málinu, að hafi hagsmuna að gæta af fjárhagslegri velgengni búsins, hafi viljað svikja viðskiptavinum þess á þessum of litlu flöskum, heldur miklu fremur verið það á móti skapi. Hinsvegar er það upplýst, að ákærður, sem er bústjóri á búinu, en ekki er upplýst um að eigi nokkurn hluta í búinu, hefir hinn 26. des. 1934 gefið skipun um að nota nokkuð af flöskum þessum, vitandi þó, að ástæðan til þess, að faðir hans, eigandi búsins,

hafði fyrirskipað að nota flöskurnar ekki, var sú, að hann (eigandinn) taldi flöskurnar of litlar. Það er ekki nákvæmlega sannað, hve mikið hefir verið notað af þeim né heldur hve margar ekki náðu máli, en samkvæmt vitnaframburðum virðast ekki hafa verið settar í umferð fleiri en 16—17 hundruð flöskur. Ákærður hefir haldið því fram, að sér hafi ekki verið kunnugt um annað, en að sú mjólk, sem ekki fór úr aftöppunarvélinni á flöskurnar, og viðskiptamenn búsins þarafleiðandi urðu af, hafi runnið niður á gólfið og ekki orðið nokkrum til hags, þó upplýst megi telja með vitnaframburðum starfsmanna búsins, að þetta er ekki rétt, þar sem afgangurinn var gefinn kálfum búsins, þykir líka upplýst og ekki heimilt að rengja það, samkvæmt prófum málsins, að ákærði hafi ekki vitað um þetta, en verið í góðri trú. Málið liggur því þannig fyrir, að ákærði hefir ekki haft neinn auðgunartilgang með verknaði sínum, er hann fyrirskipaði að senda út flöskurnar, sem faðir hans, eigandi búsins, hafði áður hindrað að notaðar væru, en auðgunartilgangur (*animus lucri faciendi*) virðist hljóta að vera skilyrði fyrir broti því, sem rætt er um í 279. gr. hinna almennu hegningarlaga (sbr. orðin, „til þess að svikja menn með þeim“). Samkvæmt því virðist eigi unnt að dæma ákærðan til refsingar, en þar sem hann hefir sýnt allmikið kæruleysi með því að fyrirskipa notkun mjólkurflaskna, sem eigandi búsins ekki taldi verjanlegt að nota, virðist rétt að dæma hann til þess að greiða allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns í héraði, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 100.00 — eitt hundruð krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

